

**543. fundur hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps haldinn  
Strandgötu 38, 27. júní 2019  
og hófst hann kl. 18:00.**

**Fundinn sátu:**

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Nancy R. Helgadóttir (NRH) í fjarveru Guðna Ólafssonar (GÓ), Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓÞ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Bryndís Sigurðardóttir (BS).

**Fundargerð ritaði:** Bryndís Sigurðardóttir, sveitarstjóri

**Dagskrá:**

Oddvita setur fund og leitar eftir athugasemdum við fundarboð. Lilja gerir athugasemd og óskar eftir að kjör oddvita og varaoddvita verði fyrst á dagskrá, samþykkt samhljóða.

Oddviti óskar eftir að bæta við fundargerð Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar á dagskrá fundarins og verður hún dagskrárliður nr. 11, aðrir liðir færast niður. Sömuleiðis bætist við liðir vegna viðauka vegna samninga við Snerpu og Allt í járnum, samstarfs- og þjónustusamningur vegna Byggðasamlags Vestfjarða og umræður um eignir Tálknafjarðarhrepps. Samþykkt samhljóða

**1. Kjör oddvita og varaoddvita - 1906336**

**Samkvæmt 7. gr. samþykka Tálknafjarðarhrepps á að kjósa oddvita og varaoddvita árlega og "skal kosning vera á síðasta fundi fyrir sumarfrí sveitarstjórnar"**

**Bjarnveig Guðbrandsdóttir býður sig fram til áframhaldandi starfa sem oddvita. Samþykkt samhljóða**

**Stungið er upp á Guðna Ólafssyni sem vara oddvita. Samþykkt með fjórum atkvæðum. IÓÞ situr hjá.**

**2. Fundargerðir 2019 Velferðarráð - 1901217**

*Samþykkt samhljóða*

**3. Fundargerðir 2019 Ársreikningur og Ársskýrsla 2018 Náttúrustofa Vestfjarða - 1902512**

*Samþykkt samhljóða*

**4. Fundargerðir 2019 Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks - 1902474**

*Samþykkt samhljóða*

**5. Fundargerðir 2019 Framkvæmdaráðs Vestfjarðarstofu - 1906341**

*Samþykkt samhljóða*

**6. Fundargerðir 2019 Hafnasambandi Íslands, - 1901330**

*Samþykkt samhljóða*

**7. Fundargerðir 2019 Samband íslenskra sveitarfélaga Ársskýrsla 2018 - 1901337**

*Samþykkt samhljóða*

**8. Fundargerðir 2019 Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða - 1902436**

*Samþykkt samhljóða*

**9. Þinggerð 64. Fjórðungsþings Vestfirðinga - 1905236**

*Samþykkt samhljóða*

**10. Fundargerðir 2019 Vestfjarðarstofa - 1905178**

*Samþykkt samhljóða*

**11. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd - 41 - 1906003F**

*Liðir 1, 2 og 4 eru samþykktir sérstaklega.*

*Fundagerð samþykkt samhljóða*

11.1 1905167 - Ósk um samþykki á húsnæði til reksturs hestaleigu í Tálknafirði

Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd samþykkir að leyfi verði veitt enda uppfylli umsækjandi þau skilyrði sem gerð eru til reksturs hestaleigu. Byggingarfulltrúa falið að taka út húsnæðið.

Samþykkt samhljóða

11.2 1905030 - Starthús - umsókn um byggingarleyfi

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa að veita byggingarleyfi. Byggingarleyfisgjald er kr. 1.209.662,-

Samþykkt samhljóða

11.3 1906339 - Vatnsgæði neysluvatnssýni 2019

Lagt fram til kynningar.

11.4 1902346 - Slökkvistöð lokafrágangur

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi fyrir breytingunni.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi teikningar en felur sveitarstjóra að útfæra verkefnið áfram í samræmi við umræður á fundinum og vilja slökkviliðs. Niðurstaða verði send sveitarstjórnarmönnum í tölvupósti.

Samþykkt samhljóða

11.5 1906364 - Strandgata 23

Lagt fram til kynningar.

11.6 1906380 - Fyrirspurn um byggingu sólstofu

Skv. deiliskipulagi er ekki gert ráð fyrir byggingu sólskála við gafli hússins vegna nálagðar við lóðarmörk við Miðtún 9, hins vegar væri hægt að byggja sólstofu á suðurhlíð hússins.

**12. Samstarfs og þjónustusamningur við byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks - 1906391**

*Par sem þjónustusamningur liggur ekki fyrir er málinu frestað.*

*Samþykkt samhljóða*

**13. Eignir Tálknafjarðarhrepps - 1906399**

*Rætt um sölufarli íbúða í eigu Tálknafjarðarhrepps*

*Samþykkt samhljóða*

**14. Skjöldur á Vindheima og kæliskápur í Íþróttahús - 1906377**

Kvenfélagið Harpa óskar eftir að fá að setja skjöld á Vindheima, sömuleiðis að gefa kæliskáp í Íþróttamiðstöðina.

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps þiggur með þökkum gjöf Kvenfélagsins Hörpu enda oft verið þörf á auknu kælirými við veisluhöld í Íþróttamiðstöðinni.*

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir að Kvenfélagið Harpa komi fyrir skildi á Vindheimum og felur Bjarnveigu Guðbrandsdóttur oddvita að velja staðsetningu á húsinu, í samráði við kvenfélagið.*

*Sveitarstjórn þakkar Kvenfélaginu Hörpu þeirra störf í þágu samfélagsins í gegnum tíðina og vonum að við njótum þeirra krafta áfram.*

*Samþykkt samhljóða*

**15. Sláttur og hirðing 2019 - 1905174**

Gert hefur verið samkomulag við B337 ehf um ársframlengingu á samningi um umhirði opinna svæða.

*Sveitarstjórn samþykkir framlengingu samningsins en felur sveitarstjóra að yfirfara svæðin og bæta við.*

*Samþykkt samhljóða*

**16. Tilkynning um aðalfund fulltrúaráðs EBÍ 20. sept. n.k. - 1906323**

*Sveitarstjórn leggur til að Guðni Ólafsson verði fulltrúi Tálknafjarðarhrepps í fulltrúaráði EBÍ*

*Samþykkt samhljóða*

**17. Fjölmenning og erlendir íbúar - 1906348**

Erindi frá fjölmenningarfulltrúa Vestmannaeyja, ósk um samstarf og samráð.

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps þakkar fyrir erindi fjölmenningarfulltrúa Vestmanneyja og felur sveitarstjóra að fylgjast með samstarfinu. Margir íbúar sveitarfélagsins eru af erlendu bergi brotnir og mikilvægt að leita allra leiða til að þeim líði jafnvel og öðrum íbúum.*

*Samþykkt samhljóða*

**18. Hjólabrettagarður - 1905110**

Verðlaunatillega nemenda í Tálknafjarðarskóla um byggingu hjólabrettagarðs í

Tálknafirði.

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps lýsir yfir mikilli ánægju með frumkvæði og áræðni þessara ungu íbúa sveitarfélagsins og tekur undir nauðsyn hjólabrettagarðs í þorpinu. Sveitarstjórn leyfir fyrir sitt leyti notkun svæðisins fyrir aftan Hópið en óskar eftir að hópurninn vinni verkefnið í samstarfi við Jörðmynd.*

*Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að aðstoða bréfitara við að sækja um styrki til að fjármagna verkefnið. Vinna þarf kostnaðaráætlun áður en hægt er að samþykkja styrk úr sveitarsjóði. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.*

*Sveitarstjórn óskar bréfiturum til hamingju með verðlaunin og erum við afskaplega stolt af þessu unga fólki.*

*Samþykkt samhljóða*

### **19. Jörðmynd - 1905112**

Tillaga frá nemendum Tálknafjarðarskóla um málun jarðmyndar (mynd máluð á láréttar flöt) á flötinn bak við Hópið.

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps lýsir yfir mikilli ánægju með frumkvæði og áræðni þessara ungu íbúa sveitarfélagsins. Sveitarstjórn leyfir fyrir sitt leyti notkun svæðisins fyrir aftan Hópið en óskar eftir að hópurninn vinni verkefnið í samstarfi við Hjólabrettagarð.*

*Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að aðstoða bréfitara við að sækja um styrki til að fjármagna verkefnið. Vinna þarf kostnaðaráætlun áður en hægt er að samþykkja styrk úr sveitarsjóði. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.*

*Samþykkt samhljóða*

### **20. Lagning ljósleiðara 2019 - 1905151**

Gerður hefur verið viðauki við eldri samning við Snerpu til að leggja ljósleiðara inn í fjarðarbotn.

*Samþykkt samhljóða*

### **21. Viðauki II - Lagning ljósleiðara - 1906400**

*Viðauki 2019-II*

*Lagt er til að við fjárfestingaráætlun bætist við liður 5 Ljósleiðari kr. 3.000.000,- og færist af handbæru fé.*

*Greinargerð*

*Samið hefur verið um lagningu ljósleiðara frá tengimiðstöð á skrifstofu*

*Tálknafjarðarhrepps, annars*

*vegar inn í Norðurbotn og hins vegar í Þinghólsgötu 1*

*Heildarkostnaður við verkefnið er kr. 12.851.000,-*

*Það er fjármagnað með þessum hætti:*

*Styrkur frá Fjarskiptasjóðir kr. 3.240.800,-*

*Byggðastyrkur ráðherra kr. 3.330.645*

*Tálknafjarðarhreppur 3.000.000,-*

*Viðtakendur tenginga fjármagna það sem út af stendur.*

*Samþykkt samhljóða*

**22. Samningur vegna útboðs í fráveitu - 1906359**

Samningur við Allt í járnum ehf sem var lægstbjóðandi í útboð vegna fráveitu sem boðin var út í maí.

*Samþykkt samhljóða*

**23. Viðauki III - Fráveita 1. áfangi - 1906401**

*Viðauki 2019-III ? Fráveita 1. áfangi*

*Lagt er til að við fjárfestingaáætlun, lið 3, er varðar fyrirhugaðar framkvæmdir við fráveitu á árinu 2019 verði hækkun um kr. 2.877.623,- og færast úr handbæru fé.*

*Greinargerð*

*Fyrsti áfangi í endurnýjun fráveitulagna var boðinn út á vordögum.*

*Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 12.000.000,- í verkefnið*

*Kostnaðaráætlun var upp á kr. 11.100.000 en var síðan leiðrétt í 13.500.000,-*

*Lægsta tilboð hljóðaði upp á kr. 14.877.623,-*

*Samþykkt samhljóða*

**24. Jafnréttisáætlun 2018-2022 - 1811107**

Lögð er fyrir Jafnréttisáætlun sem Velferðarráð uppfærði í byrjun maí.

*Samþykkt samhljóða*

**25. Brekka og Valhöll í sölu - 1905166**

*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að setja Valhöll á sölu og að leggja fram á næsta sveitarstjórnarfundi tillögu að framtíð Brekku.*

*Samþykkt samhljóða*

**26. Uppgjör lífeyrisréttinda - 1902452**

Krafa frá Brú lífeyrissjóði vegna uppgjors á lífeyrisskuldbindingum starfsmanna Hjallastefnunnar hjá Tálknafjarðarskóla.

*Sveitarstjóra er falið að ganga frá uppgjori lífeyrisgreiðslna við lífeyrissjóðinn Brú vegna starfsmanna Hjallastefnunnar í leikskólanum enda verði ekki séð að hjá því verði komist. Sveitarstjóra falið að leita eftir fjármögnun og leggja fram viðauka á næsta fundi.*

*Samþykkt með fjórum atkvæðum, NRH situr hjá.*

**27. Beiðni um umsögn vegna endurútgáfu rekstrarleyfa Fjarðalax og Arctic Sea Farm á laxi í Patreks- og Tálknafirði - 1906332**

*Sveitarstjóra er falið að koma eftirfarandi umsögn sveitarfélagsins á framfæri.*

*Samþykkt samhljóða*

*Umsögn um rekstrarleyfi*

*Samkvæmt bréfi Matvælastofnunar dags. 12.06.2019 er óskað eftir umsögn Tálknafjarðarhrepps vegna aukinnar framleiðslu Fjarðalax og Arctic Sea Farm á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði. Tálknafjarðarhreppur hefur fylgst með uppbyggingu fiskeldis á sunnanverðum Vestfjörðum frá upphafi þorskeldis í firðinum og síðar laxeldis frá 2009. Jákvæð áhrif fiskeldis á samfélagið í Tálknafirði eru ótvíræð og má*

*Þar nefna fjölgun ungs fólks í samfélaginu, verulega aukin umsvif vegna uppbyggingar fiskeldisins og aukna atvinnu heimamanna við þá uppbyggingu, nýting hafnarmannvirkja og ekki síst jákvæð áhrif umsvifanna á bjartsýni og framtíðarhorfur í samfélaginu almennt.*

*Staðsetning eldissvæðanna í Tálknafirði gefur ekki tilefni til að ætla að náttúrulegar aðstæður valdi neikvæðum vistfræði- og erfðafræðiráhrifum af starfseminni. Eldi hefur verið við Laugardal í nokkur ár og ekkert gefur til kynna að svæðið þoli ekki aukið eldi, straumar eru þar sterkir út fjörðinn og því eru þynningaráhrif þeirra á eldið og hugsanlegar lífrænar leifar sem falla þar til, mikil og straumarnir fljótir að bera allt efni frá eldinu. Starfsemi Arctic Sea Farm við Hvannadal er á nýju eldissvæði en þar er dýpi töluvert og straumar sem liggja þvert á kvísamstæðuna munu einnig bera lífræn efni frá kvíunum.*

*Fjarlægð milli þessara tveggja eldissvæða sitt hvoru megin í firðinum ætti að vera meira en nóg þar sem þau eru ekki aðeins við sitt hvora strönd fjarðarins heldur er eldi Arctic Sea Farm við Hvannadal töluvert utar í firðinum en Laugardalur sem gerir það að verkum að eldissvæðin standast ekki á, sitt hvoru megin við fjörðinn.*

*Tálknafjarðarhreppur gerir ekki athugasemdir við fjarlægðamörk milli svæðanna og telur að þau séu fullnægjandi til að uppfylla kröfur þar um.*

*Tálknafjarðarhreppur bendir þó á að eldissvæði Arctic Sea Farm við Hvannadal er mjög nálægt hefðbundinni siglingaleið um fjörðinn sem krefst þess að allar merkingar, ljós, baujur og AIS senditæki séu afar vandaðar og mjög sýnilegar jafnt á nóttu sem degi allt árið þannig að sem minnst hætta skapist á að sjófarendur valdi tjóni á eldismannvirkjunum og/eða bátum sínum eða skipum. Óþarfi er fjölyrða um hversu geigvænlegt slíkt tjón geti orðið verði óhapp við eldissvæðið. Brýn nauðsyn er til að Arctic Sea Farm vinni allar merkingar og kynningu á staðsetningunni í nánu samstarfi við Tálknafjarðarhöfn, Samgöngustofu og Landhelgisgæslu Íslands til að tryggja sem best vitneskju allra sjófarenda um staðsetninguna. Hið sama gildir um Fjarðarlax.*

*Tálknafjarðarhreppur vill ítreka enn og aftur þær kröfur sveitarfélaga á sunnanverðum Vestfjörðum sem og fyrirtækjanna sjálfra að allt eftirlit verði samkvæmt ítrustu kröfum laga og reglugerða og að þar til bærar stofnanir standi sig í sínu hlutverki. Slíkt eftirlit er trygging allra aðila bæði fyrirtækja og stofnana og ekki síst íbúa og náttúru svæðisins fyrir því að rétt og löglega sé staðið að öllum framkvæmdum, rekstri og umsýslu fiskeldis í Tálknafirði og víðar og auki þannig líkur á að betri sátt skapist um þessa atvinnugrein.*

*Tálknafjarðarhreppur lýsir sig reiðubúinn til að standa að uppbyggingu miðstöðvar eftirlits á fiskeldi í Tálknafirði sem myndi auðvelda stofnunum að sinna sínu hlutverki við eftirlit með fiskeldinu. Slík miðstöð gæti jafnframt hýst rannsóknir á eldi í sjó og þannig bæði styrkt eftirlitsstofnanir í sínu hlutverki og aukið rannsóknir á eldi í sjó í fjörðum Vestfjarða.*

## **28. Samstarfsvettvangur sveitarfélaganna fyrir heimsmarkmiðin og loftslagsmál - 1905228**

*Sveitarstjórn samþykkir að Tálknafjarðarhreppur taki þátt í samráðsvettvangi sveitarfélaga og felur sveitarstjóra að vera tengilið við verkefnið.*

*Samþykkt með fjórum atkvæðum, BSH situr hjá.*

## **29. Umhverfissvottun Vestfjarða . - 1905206**

*Samþykkt með fjórum atkvæðum, BSH situr hjá.*

## **30. Upplýsingagjöf sveitarstjóra - 1902453**

*Upplýsingagjöf sveitarstjóra 09. maí 2019*

*Fundir og viðburðir*

*10.05.2019 Ársfundardagur á Þingeyri*  
*14.05.2019 Fundur með Vegagerðinni á Tálknafirði*  
*15.05.2019 Heimsókn stjórnar Hafnarsambandsins til Tálknafjarðar*  
*15.05.2019 Fundur vegna umhverfsvottunar Vestfjarða á Tálknafirði, öllum sveitarstjórnarmönnum boðið*  
*16.05.2019 Fundur um brunavarnaráætlun og fleira á Patreksfirði*  
*17.05.2019 Stefnumótun sveitarfélaga, fundur á vegum Vestfjarðarstofu, haldinn á Patreksfirði.*  
*17.05.2019 Opið „hús“ í Arnarnesi, nýr þjónustubátur Arctic í Patreksfirði.*  
*20.05.2019 Fjarfundur í framkvæmdaráði umhverfsvottunar.*  
*21.05.2019 Vinnustofa á Ísafirði á vegum Mengunavarnarráðs hafna*  
*22.05.2019 Fundur með Sigurði Áss vegna hafnarframkvæmda*  
*23.05.2019 - 14.06.2019 Sumarfrí*  
*18.06.2019 Námskeið í krísustjórnun á Ísafirði*  
*18.06.2019 Kynning heilbrigðisráðherra á nýrri heilbrigðisstefnu fyrir Ísland, haldið á Eyri á Ísafirði.*  
*20.06.2019 Stjórnarfundur hjá Ranníba*  
*25.06.2019 Fjarfundur með Vestfjarðarstofu vegna fundar með ráðherra, vegna fiskeldismála*  
*26.06.2019 Sóknaráætlun Vestfjarða, fundur á Patreksfirði á vegum Vestfjarðarstofu.*

*Verkefni frá síðasta fundi sem eru enn í vinnslu.*

*Vinna í lífeyrismálum vegna Hjallastefnunnar ? Er í vinnslu, verið að vinna í sameiginlegri niðurstöðu þeirra sveitarfélaga sem í hlut eiga, hef farið fram á milligöngu Samb. Ísl. Sveitarfélag í málinu.*  
*oBúið að funda með Brú og Sambandinu en að öðru leyti litið gerst frá síðasta fundi.*  
*oKomið nýtt álit, jafn loðið og önnur.*  
*oHafnarfjörður og Akureyri búið að samþykkja að greiða.*

*Auglýsa Bugatún grunn, Brekku og Valhöll.*  
*o Ýmsar þreifingar í gangi*  
*? Klára að koma innra rekstrareftirliti í farveg.*  
*o Er er í vinnslu, hluti af því var stutt námskeið hjá Wise.*

*Vinna húsnæðisstefnu fyrir sveitarfélagið.*

*Ný verkefni framundan:*  
*Sameiginleg auglýsing*  
*Til dæmis hreinsunaráttak í þorpínu, samstarf við bæjarfulltrúa*  
*Lagfæringar og hreinsun í Hrafnadal*

*Annað*  
*Skipulag fræðslunefndar ? pósturinn hennar Evu*  
*Aðalskipulagsvinna*  
*Framtíðin*

*Sumarlokun skrifstofu - 22. júlí til og með 9. ágúst.  
Fundartímar sveitarstjórnar í sumar: 27. júní 15. ágúst  
Enginn fundur í júlí vegna sumarleyfis sveitarstjórnar*

*Lausafjárstaða: 32.201.742*

*Óleyst mál í málakerfi:*

*11/4 = 856*

*08/5 = 768*

*27/6 = 809*

31. Fundur Vestfjarðarstofu með alþingismönnum - 1906366
32. Boðun aukalandsþings sambandsins 2019 - 1906302
33. Stefnuþingun í málefnum sveitarfélaga. Fundur 17. maí, kl 13.00 Hólmavík, Ísafirði og Patreksfirði. - 1905083
34. Samráðsfundur sveitarfélaga 4. júní nk um samstarf um stafræna þróun. - 1906292
35. Fjölmíðlanámskeið - krísustjórnun - 1906365
36. Fundur heilbrigðisráðherra á Hjúkrunarheimilinu Eyri á Ísafirði, 18. júní nk. - 1906329
37. Boð á fund Fjarheilbrigðisþjónusta í dreifbýli - reynsla Svía og Íslendinga, miðvikudaginn 26. júní 14-16 - 1906354
38. Könnun á stöðu húsnæðismála hjá Sveitarfélögum 31. desember 2018 - 1905254
39. Aðild að RS Raforku - 1905185
40. Siglingar Baldur - aukaferðir - 1905160
41. Umsögn sambandsins um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2020-2024 - 1905061
42. Tilkynning um fasteignamat er tekur gildi 31 desember 2019 endurmat - 1906345  
*Sveitarstjóra falið að fara vel yfir lista fasteigna í eigu Tálknafjarðarhrepps og lagfæri það sem lagfæra þarf.*
43. Landshlutaáætlanir í skógrækt og lykilhlutverk sveitarfélaga í loftslagsmálum - 1906351
44. Umferðarmálefni, Vesturbyggð og Tálknafjörður - 1905191
45. Fréttabréf Íbúðalánasjóðs - 1905211
46. Samskiptun með íbúum - ný leið til að leysa flókin úrlausnarefni í opinberri þjónustu - 1905258
47. Svæði tekið til meðferðar hjá Óbyggðanefnd - 1812120
48. Verkefni hjá Landsbyggðavinir - 1905256
49. Starfsgreinasambandið og Efling vísa kjaradeilu sinni við Samband íslenskra sveitarfélaga til Ríkissáttasemjara - 1905249



543. fundur  
27.06.2019

**50. Ársskýrsla 2018 Þjóðskrá Íslands - 1905132**

**51. Ársskýrsla 2018 Byggðastofnun - 1905130**

**52. Ársfundur Orkubú Vestfjarða ohf. - 1905095**

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 22:00.**

---

Bjarnveig Guðbrandsdóttir  
(BG)

---

Nancy R. Helgadóttir (NRH)

---

Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir  
(IÓÞ)

---

Björgvin Smári Haraldsson  
(BSH)

---

Lilja Magnúsdóttir (LM)

---

Bryndís Sigurðardóttir